



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands  
2011-2012

Skýrsla fjarnámsstjóra

## Efniyfirlit

Inngangur .....	3
Sumarönn 2011 .....	3
Haustönn 2011 .....	4
Vorönn 2012 .....	5
Sumarönn 2012 .....	6
Fjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	6
Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	7
Fjöldi umsækjenda eftir önnum .....	7
Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda....	7
Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.....	8
Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum .....	8
Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.....	9
Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum.....	9
Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.....	10
Ársmemendur fjarnáms.....	10
Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.....	11
Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum. ....	11
Fjarnámsgjöld .....	12
Kennslukerfið.....	12
Lokaorð .....	13
Viðauki.....	14
Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2012.....	14
Tafla 3. Innleiðingarferli Moodle í Verzlunarskóla Íslands, 2011-2012. ....	15

## **Inngangur**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur verið rekið í núverandi mynd síðan haustið 2005. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfseminni skólaárið 2010-2011 og sjónum beint að því hvort niðurskurður hafi sett varanlegt mark sitt á starfsemina og þá hvort ekki þurfi að bregðast við því. Einnig er vikið að innleiðingu nýs kennslukerfis.

## **Sumarönn 2011**

Á sumarönn 2011 voru 145 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru aðeins 86 áfangar kenndir. Allir áfangar sem 5 eða færri nemendur völdu voru felldir úr kennslu. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 10 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á sumar- eða haustönn 2011, eða vegna áframhaldandi náms. Fjórir *hulduáfangar* voru einnig kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á sumarönn 2011 voru því alls 100.

Fjarkennarar á sumarönn 2011 voru 47 og höfðu þeir allir fjarkennt áður.

Á sumarönn 2011 voru 728 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2011 var 161 færri en á sumarönn 2010. Fækkunin á milli ára var rúm 20%
- Af 728 nemendum sumarannar 2011 voru 149 (16,8%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 579 (83,2%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2010 voru aðeins 104 (11,7%) nemenda líka í dagskóla VÍ, svo VÍ nemendum á haustönnnum fjölgar hlutfallslega mjög mikið á milli ára.
- Af þessum 728 nemendum voru konur 449 (61,7%) og karlar 279 (38,3%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2010 voru 60,4% konur og 39,6% karlar.
- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2011 var 21,0 ár, en það var lítið eitt lægri meðalaldur en á sumarönn 2010.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2011 voru nemendur fæddir 1992, en þeir höfðu þá væntanlega lokið þriðja ári í framhaldsskóla. Árgangur 1991 var fjölmennastur á sumarönn 2010, en þeir nemendur höfðu þá einnig nýlokið við þriðja ár í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi rúmar 5,24 einingar á sumarönn 2011, en sambærileg tala fyrir sumarönn 2010 var 5,04 einingar.

Sjá nánar um nemendur á sumarönn 2011 á heimasíðu skólans<sup>1</sup>.

Nemendur á sumarönn 2011 voru skráðir í 3816 einingar, til lokaprófs skiluðu sér 2807 einingar en það gera 73,6% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar

---

<sup>1</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á sumarönn 2011 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar\\_2011](http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/sumar_2011). Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

þreyttu einingar 80,2 ársnemendur. Á sumarönn 2010 skiluðu 68,5% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 87,7 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

### **Haustönn 2011**

Á haustönn 2011 voru 136 áfangar í boði en aðeins kenndir 105 áfangar. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 4 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á haustönn 2011 eða vorönn 2012, eða vegna áframhaldandi náms. Tveir *hulduáfangar* voru kenndir fyrir nemendur sem af ýmsum ástæðum þurftu nauðsynlega að taka þá áfanga. Áfangar á haustönn 2011 voru því alls 111.

Fjarkennarar voru 46 þessa önnina, 45 gamalreyndir kennarar og 1 nýliði í hópnum.

Á haustönn 2011 voru aðeins 522 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2010 var 308 og fjölgaði þeim á milli ára um tæp 70%.
- Af 522 nemendum haustannar 2011 voru 62 (11,9%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 460 (88,1%) komu annars staðar frá. Þessi fjöldi Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er nánast sá sami og haustönnina á undan, en hlutfallslega eruð þeir auðvitað færri.
- Af 522 nemendum haustannar 2011 voru 46 (8,9%) nemendur grunnskóla, en það er nánast sami fjöldi og á haustönn 2010 en hlutfallið þá var að sjálfsögðu hærra.
- Af þessum 522 nemendum voru konur 312 (59,8%) og karlar 210 (40,2%) en á haustönn 2010 voru samsvarandi gildi 61,9% og 38,1%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2010 var 22,2 ár, en það er tæpu ári hærra en á haustönninni á undan.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2011 voru nemendur fæddir 1992 (120 nemendur), en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta haustið. Haustið 2010 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1990) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,70 einingar á haustönn 2011, en sambærileg tala fyrir haustönn 2010 var 5,75.

Sjá nánar um nemendur á haustönn 2011 á heimasíðu skólans<sup>2</sup>.

Nemendur haustannar 2011 voru skráðir í 2976 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2129 einingar en það voru 71,5% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 60,8 ársnemendur. Á haustönn 2010 skiluðu 74,1% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 37,5 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

---

<sup>2</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á haustönn 2011 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjamam/nemendur/haust\\_2011](http://www.verslo.is/fjamam/nemendur/haust_2011). Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

## Vorönn 2012

Á vorönn 2012 voru 120 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru aðeins 98 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 10 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á vorönn 2012, eða vegna áframhaldandi náms. Einn *hulduáfangi* var kenndir fyrir nemanda sem þurfti nauðsynlega að taka þann áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar af tveimur brautum. Áfangar á vorönn 2012 voru því alls 109.

Fjarkennarar á vorönn 2012 voru 50, þar voru 2 að fjarkenna í fyrsta sinn.

Á vorönn 2012 voru aðeins 627 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann en það var fámennasta vorönnin síðan 2007. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2012 var 94 nemendum færri en á vorönn 2011, þetta er 13% fækkun á milli ára.
- Af 627 nemendum vorannar 2012 voru 172 (27,4%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 455 (72,6%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er mun herra en á vorönninni á undan.
- Af 627 nemendum vorannar 2011 voru 38 (6,2%) nemendur grunnskóla, en það hlutfall er nánast það sama og á vorönn 2010.
- Af þessum 627 nemendum voru konur 388 (61,8%) og karlar 239 (38,2%) en á vorönn 2011 var hlutfall kvenna lægra eða 59,6%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2012 var 22,5 ár, en það er nánast sami meðalaldurinn og á vorönninni á undan.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2012 voru nemendur fæddir 1992 (104 nemendur), en þeir nemendur voru væntanlega á fjórða ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2011 voru nemendur á fjórða ári í framhaldsskóla (nemendur fæddir 1991) einnig fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 5,52 einingar á vorönn 2012, en sambærileg tala fyrir vorönn 2011 var 5,44.

Sjá nánar um nemendur á vorönn 2012 á heimasíðu skólans <sup>3</sup>.

Nemendur vorannar 2012 voru skráðir í 3464 einingar. Til lokaprófs skiluðu sér 2592 einingar en það voru 74,8% af þeim einingum sem lagt var upp með og gáfu þessar þreyttu einingar 74,1 ársnemendur. Af þessum tölum átti MTR 66 einingar, en skólarnir gerðu samkomulag á milli sín í upphafi árs 2012 þess efnis að VÍ kenndi nemendum en MTR borgaði fyrir og teldi þá til sinna ársnemenda. Á vorönn 2011 skiluðu 71,8% eininga sér til prófs en á þeirri önn gaf það 80,4 ársnemendur. Sjá töflu 2 í viðauka.

---

<sup>3</sup> Sjá nánari upplýsingar um nemendur á vorönn 2012 á heimasíðu skólans, [http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor\\_2012](http://www.verslo.is/fjarnam/afangar/vor_2012). Tölur eru mismunandi á heimasíðu og í skýrslu, sem skýrist af því að tölur á heimasíðu eru frá miðri önn, en tölur í skýrslu frá lok annar og nokkrir nemendur bættust í hópinn á þeim tíma.

## **Sumarönn 2012**

Á sumarönn 2012 voru 113 áfangar í boði, en vegna niðurskurðar voru þó aðeins 84 áfangar kenndir. Öllum nemendum sem sóttu um var boðinn aðgangur að fjarnáminu og þeim sem höfðu valið áfanga sem ekki voru kenndir var boðið að taka aðra áfanga í staðinn.

Að auki voru nemendur teknir inn í 11 áfanga til viðbótar vegna þess að þeir þurftu að ljúka þeim vegna útskriftar á sumar- eða haustönn 2012, eða vegna áframhaldandi náms. Einn *hulduáfangi* var kenndir fyrir nemanda sem þurfti nauðsynlega að taka þann áfanga vegna fyrirhugaðrar útskriftar á sumarönn 2012. Áfangar á sumarönn 2012 voru því alls 96.

Fjarkennarar á sumarönn voru 49, þar af var einn að fjarkenna í fyrsta sinn.

Þegar þetta er skrifað, eru 570 nemendur skráðir í fjarnámið á sumarönn 2012 og er þetta fámennasta sumarönn síðan 2006.

Nemendur á sumarönn 2011 eru skráðir í 3006 einingar. Ef gert er ráð fyrir 70% mætingu í próf, mun sumarönnin skila 2104 einingum sem gefa 60,12 ársnemendur. Sjá nánar í töflu 2 í viðauka.

## **Fjöldi fjarnemenda eftir önnum**


Í skýrslu fjarnámsstjóra fyrir árið 2009-2010 var nokkuð ítarleg umfjöllun um fjarnemendur Verzlunarskólans. Í næstu skýrslu þar á eftir (árið 2010-2011) var reynt að varpa ljósi á það hvort niðurskurðurinn hefði á einhvern hátt breytt samsetningu nemendahópsins. Í þessari skýrslu verður athyglinni beint að því hvort niðurskurðurinn hafi haft varanleg áhrif á fjölda fjarnemenda við skólann. Nánar má fræðast um fjarnemendur Verzlunarskólans eftir önnum á heimasíðu skólans<sup>4</sup>.

Þegar fjöldi nemenda í fjarnámi Verzlunarskólans er skoðaður eftir önnum, má almennt segja að fjöldinn vaxi frá önn til annar, fram til ársins 2010 en þá var niðurskurðarhnífurinn settur á loft. Ef bornar eru saman allar sumarannir sést hvernig fjöldinn stígur frá sumarönn 2006 til sumarannar 2009, en fellur svo á sumarönn 2010, 2011 og 2012. Þetta sama má segja um haustannir, fjöldi nemenda á önn vex frá og með haustönn 2006 til og með haustönn 2009 en fellur svo umtalsvert á haustönn 2010 enda var þá beitt mjög harkalegum niðurskurði. Fjöldi fjarnemenda á haustönn 2011 vex nokkuð frá því árið á undan en hann nær hvergi nærri þeim fjölda sem hann var á haustönn 2009. Fjöldi nemenda á vorönnum eykst frá vorönn 2007 og fram á vorönn 2010, en fellur á vorönn 2011 og enn meira á vorönn 2012. Þetta kemur fram á mynd 1. Upplýsingar um fjölda nemenda á önn má sjá í töflu 2 í viðauka.

Vorönn 2010 var fyrsta niðurskurðarönnin og fjöldi fjarnemenda á þeirri önn bendir til þess að ekki hafi tekist að stemma stigu við fjölda fjarnemenda þá, það tókst hins vegar *betur*, ef svo má að orði komast, á haustönn 2010 og vor- og sumarönnnum 2011. Á

<sup>4</sup> Sjá upplýsingar um fjarnemendur á heimasíðu skólans, <http://www.verslo.is/fjarnam/nemendur/>.

haustönn 2011 og vor- og sumarönnum 2012 heldur fjöldi fjarnemenda svo áfram að minnka.



Mynd 1. Fjöldi fjarnemenda eftir önnum.

Ef vorannir eru teknar saman, kemur í ljós að fjöldi fjarnemenda á önn hefur minnkað frá því niðurskurðurinn hófst árið 2010, það sama má segja um sumarannir og haustannir.


### **Fjöldi umsækjenda eftir önnum**

Tölur um fjölda umsækjenda á önn eru til frá haustönn 2010. Þá sóttu 773 nemendur um að komast í fjarnám VÍ, en vegna þess hve illa gekk að skera niður fjölda fjarnemenda á vor- og sumarönninni þar á undan, varð að takmarka verulega aðgang nemenda að fjarnáminu þá önnina. Aðeins 311 nemendur voru teknir inn en það er einungis 40% af heildarfjölda umsækjenda. Þetta hlutfall er um 90% á næstu önnum á eftir. Sjá töflu 1.

Önn	Umsækjendur	Nemendur	Nemendur/Umsækjendur	Umsækjendur sem ekki fá aðgang
H-10	773	311	0,40	462
V-11	819	721	0,88	98
S-11	808	728	0,90	80
H-11	577	522	0,90	55
V-12	714	627	0,88	87
S-12	643	572	0,89	71

Tafla 1. Fjöldi umsækjenda, nemenda og hlutfall milli nemenda og umsækjenda.

Athyglisvert er að eftir haustönn 2010 fækkar stöðugt umsækjendum eftir önnum: Umsækjendur eru 773 á haustönn 2010, en 577 á haustönn 2011, þetta er rúmlega 25% fækkun. Á vorönn 2011 eru 819 umsækjendur, en 714 á vorönn 2012, alls tæp 13% fækkun. Á sumarönn 2011 eru umsækjendur 808 en 643 á sumarönn 2012, fækkunin nemur rúmum 20%. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi umsækjenda eftir önnum.


Erfitt er að segja hvað veldur þessari fækkun umsækjenda. En fjárhagur umsækjenda gæti þar haft áhrif. Fjarnámsgjöldin hækkuðu verulega í upphafi árs 2011 en fækkun umsækjenda kemur þó ekki fram fyrr en á haustönn það ár. Fleiri skólar bjóða nú fjarnám en áður og samkeppnin er því harðari á þeim markaði. Spurningin er hvort nemendur leiti í vaxandi mæli í staðbundið nám, það er öldungadeildir og sumarskóla en vinsældir fjarnámsins hafi dalað?

Ef umsækjendum heldur áfram að fækka gæti það leitt til þess að skólinn fengi ekki þann fjölda ársnemenda sem hann hefur leyfi til og að fjarnám skólans verði rekið með óhagkvæmari hætti eftirleiðis en hingað til.

### **Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum**

Meðaleiningafjöldi sem hver fjarnemandi tekur á önn hefur verið á bilinu frá 5 til 6 einingar frá og með vorönn 2006 og til og með sumarönn 2012. Flestar einingar að meðaltali á önn tóku nemendur á haustönn 2009 (6,2 einingar), en færstar á sumarönn 2010 (5,0). Sjá mynd 3 og töflu 2 í viðauka.






Mynd 3. Meðaleiningafjöldi fjarnemenda eftir önnum.

Ef mynd 3 er skoðuð nánar, kemur í ljós að meðaleiningafjöldi nemenda á önn lækkaði á niðurskurðarárinu 2010, miðað við fyrri annir og hefur verið lægri síðan miðað við fyrri annir.

### ***Mæting fjarnemenda í próf eftir önnum***

Mæting í próf eftir önnum var um 60% frá og með vorönn 2006 og til og með vorönn 2010. Undantekning er sumarönn 2006, en þar er mæting í próf nálægt 78%. Hafa skal í huga þegar mæting í próf er skoðuð að á fyrstu önnum fjarnámsins fengu nemendur endurgreidd kennslugjöld fyrir það eitt að mæta í próf. Á sumarönn 2010 fór mætingin í próf hins vegar í tæp 69% og vel yfir 74% á haustönn 2010. Mætingin í próf á vorönn 2012 var tæplega 75%. Því má segja að niðurskurðurinn með fækkun nemenda á önn og fækkun meðalfjölda eininga hvers nemanda á önn hafi leitt til þess að nemendur mæti betur í próf. Þetta kemur fram á mynd 4. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.




Mynd 4. Hlutfallsleg mæting í fjarnámspróf eftir önnum.

Ef meðalmæting nemenda á öllum önnum er tekin saman, kemur í ljós að hún er einungis 60%. Markmiðið er að yfir 80% eininga skili sér til prófs á hverri önn.


### **Ársmemendur fjarnáms**

Ársmemendur eru taldir út frá þeim einingum sem skila sér til prófs. Miðað er við að hver ársnemandi taki 35 einingar á ári. Ársmemendur á önn voru á bilinu 60 til 70 á fyrstu önnum fjarnámsins. Árið 2008 fór ársnemendafjöldinn á önn upp í 70 til 80, en hækkað ört á árinu 2009 og náði hámarki á sumarönn 2009 en þá fór ársnemendafjöldinn á önn yfir 100 í fyrsta og eina skiptið (hingað til) í sögu fjarnáms Verzlunarskólans. Á sumarönn 2010 fór svo ársnemendafjöldinn lækkandi og náði hann lágmarki á haustönn 2010. Árið 2011 var ársnemendafjöldinn rúmlega 80 á vor- og sumarönn en aðeins um 60 á haustönn. Á vorönn 2012 var ársnemendafjöldinn aðeins 74,1 og ef gert er ráð fyrir 70% mætingu í próf á sumarönn 2012 gefur það aðeins um 60 ársnemendur. Þetta kemur vel fram á mynd 5. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 5. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir önnum.

Á þremur önnum árið 2006 gaf fjarnámið af sér 198,3 ársnemendur. Árið 2007 fækkaði ársnemendum niður í 191,9, en þá var hætt að endurgreiða kennslugjaldið til þeirra nemenda sem mættu í próf. Árið 2008 gaf fjarnámið af sér 235,9 ársnemendur og árið eftir 285,3. Á niðurskurðarárinu 2010 fór fjöldi ársnemenda niður í 223 og árið eftir var ársnemendafjöldinn svipaður eða 221. Þetta kemur fram á mynd 6. Tölur fengnar úr töflu 2 í viðauka.



Mynd 6. Fjöldi ársnemenda fjarnáms eftir árum.

Á vorönn 2012 var fjöldi ársnemenda 74,8 og ef fram fer sem horfir, ætti sumarönn 2012 að skila af sér um 60 ársnemendum og er þá miðað við 70% mætingu í próf. Samanlagt

gefa vor- og sumarönn 2012 því 135 ársnemendur. Haustönn 2012 þyrfti að gefa af sér 85 ársnemendur til að skila svipuðum fjölda og síðustu tvö ár á undan hafa gert. Miðað við 70% mætingu í próf og að hver fjarnemandi taki um 5,5 einingar á önn, þýðir það um 770 nemendur. Reynslan sýnir að 90% umsækjenda innritast sem fjarnemendur á hverri önn og því merkir þetta að tæplega 860 umsækjendur þurfa að sækja um fjarnám á haustönn 2012.

## **Fjarnámsgjöld**

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að hækka fjarnámsgjöldin umtalsvert og hafa kennslugjaldið 4500 krónur á einingu en halda skráningargjaldinu áfram í 6000 krónum. Þessi verðskrá hefur verið í gildi síðan á vorönn 2011.

Nemendur Verzlunarskólans borga ekki skráningargjald en allir aðrir nemendur gera það.

## **Kennslukerfið**

Frá haustönn 2005 hefur WebCT/Blackboard verið notað sem kennslukerfi í Verzlunarskóla Íslands. Ákvörðunin var tekin af kerfisstjóra, kerfisfræðingi og fjarnámsstjóra eftir samanburð á báðum kennslukerfunum. Þar kom fram að Moodle er á flestan hátt ekki lakara kennslukerfi en WebCT/Blackboard og að sumu leyti betra. Fyrir utan það að mjög margir skólar eru að taka Moodle í notkun og þróunin á því kerfi verður án efa ör á næstu misserum. Við viljum taka þátt í þessari þróun og því var tímabært að skipta um kerfi á þessum tímamarki.

Það var augljóst frá upphafi að þessi breyting hefði í för með sér mikla vinnu fyrir kerfisstjóra, kerfisfræðing, forritara, fjarnámsstjóra og fjarkennara. Því var ákveðið að nýja kerfið yrði tekið í notkun á vorönn 2012 og hefðu þá starfsmenn skólans haustönn 2011 til að setja áfanga upp í nýja kerfinu og átta sig á möguleikum þess. Á vorönn 2012, þegar fyrstu nemendur yrðu innritaðir í kerfið gæfist svo tækifæri til að fínþússa áfanga. Vorönnin var valin vegna þess að þá eru starfsmenn að störfum í skólanum og geta hjálpast að við þessa miklu breytingu.

Á vorönn 2011 var Moodle 2.0 sett upp á nýjan netþjón skólans og kerfisstjóri, kerfisfræðingur og fjarnámsstjóri gátu þá farið að kynna sér kennslukerfið. Fyrstu fjarkennurum var gefinn aðgangur að Moodle í maí og þá voru haldnar tvær vinnustofur fyrir fjarkennara. Jafnframt var sett upp Gagnasmiðja í Moodle þar sem öll gögn voru vistuð sem fjarnámsstjóri vann í tengslum við nýja kennslukerfið. Allir kennarar skólans fengu aðgang að þeirri Gagnasmiðju og gátu nýtt sér hana til að læra á nýja kennslukerfið. Einnig gátu kennarar leitað eftir aðstoð hjá fjarnámsstjóra, kerfisstjóra og kerfisfræðings og ekki má gleyma því að kennarar aðstoðuðu síðan hvern annan eftir mætti. Um haustið hélt vinnan áfram. Fleiri vinnustofur haldnar, en lang mestu notuðu þó kennarar Gagnasmiðjuna í Moodle við að læra á nýja kennslukerfið. Áfram gátu þeir svo leitað aðstoðar hjá kerfisstjóra, kerfisfræðingi, fjarnámsstjóra og samkennurum. Sjá nánar um innleiðingar ferlið í viðauka, töflu 2.

Flutningur á námsefni úr gamla kennslukerfinu yfir í það nýja krafðist mikillar vinnu en hún gekk þó mjög vel. Kennsla í nýja kennslukerfinu átti að hefjast 24. janúar 2012, en

viku fyrir þann dag hökkti kerfið vegna galla í uppsetningu á vefþjónum sem hýsti Moodle. Það tók nokkra daga að laga þetta og fáeinir kennarar töpuðu nokkurra klukkustunda vinnu. Því var ákveðið að fresta byrjun annar um eina viku og þegar 31. janúar rann upp, voru allir áfangar klárir til kennslu í Moodle.

## **Lokaorð**

Fjarnám við Verzlunarskóla Íslands hefur nú verið rekið með óbreyttu sniði í 7 ár. Á þessum tíma hafa kennarar skólans byggt upp metnaðarfulla áfanga í kennsluferfinu og staðið fyrir kröftugri fjarkennslu. Kerfisstjóri og kerfisfræðingur hafa séð til þess að tæki og tól virki eins og best verður á kosið, því ekki má gleyma að á bak við öflugan fjarnámsskóla er mikil tækniþekking.

Eðli sínu samkvæmt er fjarkennsla þó ekki áberandi í daglegri starfsemi skólans, hún fer að mestu fram á vinnuherbergjum eða heimilum þar sem fjarkennarinn situr einn við tölvu og sinnir sínum nemendum. Aðrir starfsmenn skólans verða ekki svo mjög varir við þessa starfsemi, nema þá helst á prófatímanum þegar fjarnemendur flykkjast í skólann okkar til að taka prófin sín. Á þeim tíma er mikilvægt að virkja alla starfsmenn skólans til að prófatörnin gangi eins hnökralaust fyrir sig og kostur er.

Skólastarf snýst um kennslu, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðbundna kennslu. Allir starfsmenn skóla þurfa að leggja sitt af mörkum til að sú starfsemi gangi eins vel og kostur er. Öflugt skólastarf byggir á öflugri liðsheild, það á við um fjarkennslu eins og aðra kennslu.

Arnarfirði um verslunarmannahelgi 2012  
*Sigurlaug Kristmannsdóttir*  
fjarnámsstjóri VÍ

## Viðauki

Önn	Fjöldi nemenda á önn	Einingar per nemanda	Nemendur * einingar	Einingar til prófs	Ársmemendur í próf	% Mæting í próf
V06	744	5,23	3889	2471	70,6	63,5
S06	509	5,65	2877	2243	64,1	78,0
H06	665	5,47	3640	2227	63,6	61,2
<b>Alls fjarnám 06</b>	<b>1918</b>	<b>5,43</b>	<b>10406</b>	<b>6941</b>	<b>198,3</b>	<b>66,7</b>
V07	690	5,36	3699	2140	61,1	57,9
S07	659	5,42	3572	2186	62,5	61,2
H07	754	6,05	4558	2390	68,3	52,4
<b>Alls fjarnám 07</b>	<b>2103</b>	<b>5,62</b>	<b>11829</b>	<b>6690</b>	<b>191,9</b>	<b>56,56</b>
V08	811	5,98	4846	2739	78,3	56,5
S08	714	5,65	4037	2720	77,7	67,4
H08	815	5,70	4648	2796	79,9	60,2
<b>Alls fjarnám 08</b>	<b>2340</b>	<b>5,78</b>	<b>13531</b>	<b>8255</b>	<b>235,9</b>	<b>61,01</b>
V09	895	5,96	5331	3119	89,1	58,5
S09	979	5,87	5744	3516	100,5	61,2
H09	900	6,19	5567	3350	95,7	60,2
<b>Alls fjarnám 09</b>	<b>2774</b>	<b>6,00</b>	<b>16642</b>	<b>9985</b>	<b>285,3</b>	<b>60,00</b>
V10	923	6,02	5553	3422	97,8	61,6
S10	889	5,04	4479	3069	87,7	68,5
H10	308	5,75	1771	1313	37,5	74,1
<b>Alls fjarnám 10</b>	<b>2120</b>	<b>5,57</b>	<b>11803</b>	<b>7804</b>	<b>223,0</b>	<b>66,12</b>
V11	721	5,44	3923	2815	80,4	71,8
S11	728	5,24	3816	2807	80,2	73,6
H11	522	5,70	2976	2129	60,8	71,5
<b>Alls fjarnám 11</b>	<b>1971</b>	<b>5,44</b>	<b>10715</b>	<b>7751</b>	<b>221,5</b>	<b>72,34</b>
V12	627	5,52	3464	2592	74,1	74,8
S12	570	5,27	3006			
H12						
<b>Alls fjarnám 12</b>	<b>1197</b>	<b>5,37</b>	<b>6432</b>	<b>2592</b>	<b>74,1</b>	<b>74,80</b>

Tafla 2. Tölur úr gagnagrunni fjarnáms á árunum 2006-2012

Tölur um fjölda nemenda í fjarnámi á heimasíðu skólans og í þessari töflu, kunna að vera misjafnar. Skýringin er sú að efnið á heimasíðuna er unnið um miðja önn, en þessi tafla er unnin í lok annar og þá gætu einhverjir nemendur hafa bæst við. Tölur í töflunni teljast í öllum tilfellum vera réttari.

Dagur	Stund	Staður	Efni
5.apr	15:00-16:00	Blái salur	Kennarafundur. Fjallað um þá ákvörðun að taka Moodle í stað WebCT/Bb á vorönn 2012.
23.maí	10:00-12:00	Glitnir	Moodle-mánudagur I. Vinnustofa fyrir kennara í Moodle.
30.maí	10:00-12:00	Glitnir	Moodle-mánudagur II. Vinnustofa fyrir kennara í Moodle.
21. og 22. sept	8:00-16:00	Fjarnámsver	Opið hús. Hægt að skoða áfanga í Moodle, fá áfanga uppsetta í Moodle og aðgang að kerfinu.
26.sep	13:00-16:00	Fjarnámsver	Opið hús. Hægt að skoða áfanga í Moodle, fá áfanga uppsetta í Moodle og aðgang að kerfinu.
27.sep	15:00-16:00	Græni salur	Málstofa. Kennarar VÍ sýna áfanga sem þeir hafa sett upp í Moodle og fjalla um vandamál og lausnir. Kynning á Moodle-námskeiðum haustannar.
21., 22., 26., 27., 28., 29. sept	8:00-16:00	Fjarnámsver	Aðstoð við að flytja efni á skjótvirkan hátt úr WebCT/Blackboard á heimasvæði kennara
Október	Alltaf	Moodle	Fjarkennsla, kennarar nýta Gagnasmiðju í Moodle og fá aðstoð eftir þörfum.
18.okt	15:00-16:00	"Glitnir"	Moodle vinnustofa. Fyrir þá sem ekki eru byrjaðir að setja fjarnámsáfanga sína upp í Moodle.
27.okt	15:00-16:00	"Glitnir"	Moodle vinnustofa. Fyrir þá sem ekki eru byrjaðir að setja fjarnámsáfanga sína upp í Moodle.
Nóvember	Alltaf	Moodle	Fjarkennsla, kennarar nýta Gagnasmiðju í Moodle og fá aðstoð eftir þörfum.
3.jan	14:00		Skráning hefst í fjarnám vorannar. Einungis áfangar sem vel eru komnir á veg í Moodle verða í boði
5.jan	14:00		Nemendur dagskóla settir í Moodle
24.jan	14:00		Vorönn 2012 hefst og fyrstu fjarnemendur verða settir í Moodle
	14:00		WebCT/Blackboard tekið niður af vefþjónum VÍ. Eftir það verður ekki hægt að komast í efni sem er vistað þar.

Tafla 3. Innleiðingarferli Moodle í Verzlunarskóla Íslands, 2011-2012.